

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Umsókn um að merkja stikur og staura

Ábyrgðaraliðar *Cycling Westfjords* sækja um leyfi til að merkja stikur og staura í Dalabyggð, ásamt meðmælum með verkefninu, til að hægt sé að halda áfram með styrkumsóknir fyrir áframhaldandi vinnu/þróun verkefnisins.

Cycling Westfjords er nýtt verkefna sem mun fara af stað á næsta ári eða sumarið 2022. Verkefnið snýst um að búa til áskoranir fyrir reiðhjólaferðamenn þar sem þeir velja sér eina af miskrefjandi hjólaleiðir, en búið er að teikna upp þrjár slíkar leiðir með útúrdúrum, samhliða Vestfjarðarleiðinni. Þátttakendur í verkefninu eru leiddir áfram eftir fyrirframákveðnum leiðum, með táknum sem fest er á staura eða stikur á vegum meðfram Vestfjarðarleiðinni. Bæði meðfram þjóðvegum en einnig aflögðum vegum innan Vestfjarðarfjórðungs. Á leiðinni taka þeir myndir á fyrirfram ákveðnum stöðum til sönnunnar því að þeir hafi farið þá leið. Stikur og staurar verða merkt með táknum sem vísa á leiðir og myndastaði.

Markmiðið er að efla vistvæna ferðamennsku á Vestfjörðum og að dreifa ferðamönnum í allar byggðir fjórðungsins. Leiðirnar hafa verið teiknaðar upp, þeim fundin nöfn, startpakinn hannaður sem og merki og myndastaðir. Rætt hefur verið við starfsmann hjá Vegagerðinni um möguleika í merkingum og farið yfir hverslags merkinga er þörf, hvar og í hvaða mæli. Formleg umsókn hefur þegar verið send til Vegagerðarinnar.

Ábyrgðaraðilar óska eftir að tekið verði afstaða til umsóknarinnar og sendi til baka skriflegt svar á netfangið nannyarnag@gmail.com eða habjono@mail.com

Virðinagarfyllst
Fyrir hönd ábyrgðaraðila
Nanný Arna Guðmundsdóttir

Hér er sýnishorn af merkingum á staurum og stikum:

